



Innleiðing hæfniviðmiða í námsbraut um náms- og starfsráðgjöf við HÍ

Heildarendurskoðun námsins

Sif Einarsdóttir
31. maí 2011





Námsbraut í náms- og starfsráðgjöf

1991 Námsbrautin stofnuð

Til að mæta þörf fyrir þjónustuna í skólakerfinu
Eins árs diplómanám á framhaldsstigi

2004 Seinna ári bætt við til MA gráðu

Aukin þörf fyrir ráðgjöf við fullorðna

2007 Vinna hefst við endurskoðun til að próa heildstætt 2 ára meistaranám

2010 Kennsla hefst með nýrri námsskipan





Þrjú stig innleiðingar hæfniviðmiða

1. Hæfniviðmið námsleiðar í heild -viðurkenning ráðuneytis
2. Innleiðinga hæfniviðmiða í námskeið
3. Samhæfa námskrár námskeiða, skipulag náms í heild

(Guðrún Geirsdóttir, 2009)





1. Stig: Innleiðing hæfniviðmiða námsleiðar

2007 Hæfniviðmið námsleiðar skrifuð

- Voru fyrstu kynni okkar af Bologna hæfniviðmiðunum
- Aðstoð Guðrúnar Geirs, starfsfólks skrifstofu og fyrirmyndir frá öðrum námsleiðum voru mjög gagnlegar
- Lesefni var einnig mjög gagnlegt (Adam, 2007) og efni frá ráðuneyti
- Kennslufræði og sálfræðimenntun ásamt reynslu af kennslu við KHÍ og vinnu hjá menntamálaráðuneyti hjálpaði

Vantaði betri kynningu frá ráðuneyti og stjórnendum HÍ í samfélaginu um tilgang, merkingu og gildi þessara breytinga

Endurskoðun námsins hafin og við byrjaðar að skoða viðmið um nám erlendis (standards, competencies)





Hæfniviðmið námsbrautar í náms- og starfsráðgjöf- diplómanám

Eins árs starfstengt viðbótarnám byggt á fræðilegum grunni í náms- og starfsráðgjöf við félagsfræðiskor félagsvísindadeildar. Námið er 30 einingar og lýkur með diplóma-prófi. Inntökuskilyrði eru: BA nám á sviði félagsvísinda, BA nám í öðrum greinum og kennsluréttindi eða B.Ed. nám, BA-nám í guðfræði og iðjuþjálfun (fyrsta þrep, stig 2 nám).

Námið veitir aðgang að meistaranámi á 4. stigi.

Að loknu námi á nemandi að geta sýnt fram á eftirfarandi þekkingu og færni:

Þekking og skilningur

Nemandi hafi almennan skilning á sögu, þróun og hugmyndafræði náms- og starfsráðgjafa og hafi breiða þekkingu á störfum náms- og starfsráðgjafa, starfsháttum og siðferðislegum álitamálum. Nemandi hafi viðtæka þekkingu á menntakerfi og atvinnulífi ásamt upplýsingaveitum og hafi ítarlega þekkingu á hvernig þær gagnast í náms- og starfsráðgjöf. Nemandi hafi með námskeiðum og starfsþjálfun öðlast viðtæka, ítarlega og gagnrýna þekkingu á kenningum um starfsþróun og ráðgjöf ásamt aðferðum sem beitt er í náms- og starfsráðgjöf. Nemandi hefur breikkað þann þekkingargrunn sem hann hefur tileinkað sér á fyrri stigum og tengt viðfangsefnum á nýju fræðasviði og starfsvettvangi. Nemandi kunni skil á nýjust kenningum og viðfangsefnum á sviði náms- og starfsráðgjafa. Nemandi geti nýtt þekkingu sína og skilning við að leysa úr vanda ráðþega og geti rökstutt faglegar úrlausnir með vísan í þekkingargrunn greinarinnar. Nemandi hafi skilning á hlutverki rannsókna í þekkingaröflun.

Hagnýt þekking

Nemandi hefur tamið sér fagleg og siðleg vinnubrögð sem eru viðurkennd í náms og starfsráðgjöf. Nemandi hafi góða innsýn í ráðgjafarfræði og tækni, þannig að sú aðstoð sem veitt er sé byggð á góðum fræðilegum rökum. Nemandi búi yfir þekkingu og færni sem gerir honum kleift að þróa nýjar aðferðir og leiðir við náms- og starfsráðgjöf á fjölbreyttum starfsvettvangi. Nemandi hafi færni til að afla sér þekkingar meta og greina kenningar og nýtt þær til að auka áhrif náms- og starfsráðgjafa. Nemandi geti skilið og leyst úr flóknum viðfangsefnum sem upp koma á vettvangi náms- og starfsráðgjafa og leyst úr þeim á faglegan og siðlegan hátt. Nemandi skilur nýjungar á sviði náms- og starfsráðgjafa, þróun aðferða og leiða í ráðgjöf í ljósi fræðilegrar fagþekkingar.

Fræðileg hæfni

Nemandi geti nýtt fagþekkingu sína og beitt á nýjar og ókunnar aðstæður í breiðu samhengi sem tengist öðrum skyldum fræðigreinum og fagstéttum sem náms- og starfsráðgjafar starfa með. Nemandi sýni fram á viðtækan og djúpan skilning á fræðasviði og aðferðum náms- og starfsráðgjafa og sé fær um að tengja við þekkingu sína af fyrri þrepi. Nemandi geti metið á sjálfstæðan hátt hvaða þekkingargunni beri að beita við ólík viðfangsefni og aðstæður á sviði náms- og starfsráðgjafa. Nemandi geti beitt þekkingu sinni og færni til að takast á við ný og óþekkt viðfangsefni í starfi og á fræðasviði náms- og starfsráðgjafa. Nemandi séu læsir á rannsóknir og niðurstöður þeirra.

Hæfni í samskiptum, upplýsingalæsi og miðlun

Nemandi hafi náð föstum tökum á notkun upplýsingaveita um menntakerfi og atvinnulíf og öðrum hugbúnaði sem nýst getur við náms- og starfsráðgjöf. Nemandi sé fær um að miðla og greina almennum tölulegum upplýsingum á skýran og skilvirkan hátt. Nemandi geti átt frumkvæði að faglegum verkefnum borið á þeim ábyrgð og stýrt í samvinnu við eigin fagstétt eða aðrar. Nemandi geti greint á skýran hátt fræðilegan grunn, hugmyndafræði og viðfangsefni náms- og starfsráðgjafa fyrir fræðimönnum á sviði ráðgjafa, menntunar og atvinnulífs og almenningi. Nemandi kunni skil á og hafi tileinkað siðareglur sem gilda um samskipti við ráðþega. Nemandi sé fær um vinna að framgangi náms- og starfsráðgjafa í samfélaginu öllu með hagsmunum og þarfir fólks úr ólíkum samfélagshópum að leiðarljósi. Nemandi ráði yfir góðri samskiptahæfni ásamt viðtalstækni og beiti færni sinni í vinnu með ráðþegum, samstarfsfólki og öðrum fagstéttum.

Námshæfni

Nemandi hafi tileinkað sér gagnrýna hugsun, námshæfni og vinnubrögð sem nýtist honum til að efla sig faglega í starfi. Nemandi hafi tileinkað sér þá námshæfni og vinnubrögð að hann geti tekist á við áframhaldandi nám sem er að miklu leyti byggt á sjálfstæðum vinnubrögðum.





Hæfniviðmið námsbrautar í náms- og starfsráðgjöf- MA nám

Tveggja ára fræðilegt og starfstengt meistaranám við félagsfræðiskor félagsvísindadeildar Háskóla Íslands. Námið er 60 einingar (120 ECTS) á stigi 4og lýkur með 15 eininga meistararitgerð, rannsókn eða þróunarverkefni og er fullgilt próf til prófgráðunnar *magister artium*. Inntökuskilyrði eru BA nám á sviði félagsvísinda, BA nám í öðrum greinum og kennsluréttindi eða B.Ed. nám, BA-nám í guðfræði og iðjubjálfun (fyrsta þrep, stig 2 nám).

Umfang meistararitgerðar er 15e (30 ECTS). Meistarapróf veitir aðgang að doktorsnámi á þriðja þrepi.

Að loknu námi á nemandi að geta sýnt fram á eftirfarandi þekkingu og færni:

Þekking og skilningur

Nemandi hafi almennan skilning á sögu, þróun og hugmyndafræði náms- og starfsráðgjafa og hafi breiða þekkingu á störfum náms- og starfsráðgjafa, starfsháttum og siðferðislegum álitamálum. Nemandi hafi viðtæka þekkingu á menntakerfi og atvinnulífi ásamt upplýsingaveitum og hafi ítarlega þekkingu á hvernig þær gagnast í náms- og starfsráðgjöf. Nemandi hafi með námskeiðum, rannsóknum og starfsþjálfun öðlast kerfisbundinn og gagnrýninn skilning á kenningum um starfsþróun og ráðgjöf ásamt aðferðum sem beitt er í náms- og starfsráðgjöf. Nemandi hefur breikkað og dýpkað þann þekkingargrunn sem hann hefur tileinkað sér á fyrri stigum og tengt viðfangsefnum á nýju fræðasviði og starfsvettvangi. Nemandi hefur viðtæka og gagnrýna þekkingu á nýjustu kenningum og rannsóknum ásamt viðfangsefnum og aðkallandi úrlausnarefnum á sviði náms- og starfsráðgjafa. Nemandi geti nýtt þekkingu sína og skilning við að leysa úr vanda ráðþega og geti rökstutt faglegar úrlausnir með vísan í þekkingargrunn greinarinnar. Nemandi hafi skilning á hlutverki rannsókna í þekkingaröflun og á helstu rannsóknaraðferðum.

Hagnýt þekking

Nemandi hefur tamið sér fagleg og siðleg vinnubrögð sem eru viðurkennd í náms og starfsráðgjöf. Nemandi hefur góða innsýn í ráðgjafarfræði og tækni, þannig að sú aðstoð sem veitt er sé byggð á góðum fræðilegum rökum. Nemandi búi yfir þekkingu og færni sem gerir honum kleift að próa nýjar aðferðir og leiðir við náms- og starfsráðgjöf á fjölbreyttum starfsvettvangi. Nemandi hefur færni til að afla sér þekkingar meta og greina kenningar og rannsóknir, og nýtt þær til að auka áhrif náms- og starfsráðgjafa. Nemandi skilur og getur leyst úr flóknum viðfangsefnum á faglegan og siðlegan hátt. Nemandi getur lagt faglegt mat á nýjungar á sviði náms- og starfsráðgjafa, þróun aðferða og leiða í ráðgjöf.

Fræðileg hæfni

Nemandi geti nýtt fagþekkingu sína og beitt á nýjar og ókunnar aðstæður í breiðu samhengi sem tengist öðrum skyldum fræðigreinum og fagstéttum sem náms- og starfsráðgjafar starfa með. Nemandi sýni fram á viðtækan og djúpan skilning á þekkingargrunni náms- og starfsráðgjafa. Nemandi geti metið á sjálfstæðan hátt hvaða þekkingargunni beri að beita við ólík viðfangsefni og aðstæður á sviði náms- og starfsráðgjafa. Nemandi geti beitt þekkingu sinni og færni til að takast á við ný og óþekkt viðfangsefni í náms- og starfsráðgjöf. Nemandi hafi góða yfirsýn og skilji í meginatriðum þær fjölbreyttu rannsóknaraðferðir sem beitt er við þekkingaröflun á sviði náms- og starfsráðgjafa og séu læs á rannsóknir og niðurstöður þeirra. Nemandi getur samþætt þekkingu sína og tekist á við flókin viðfangsefni út frá takmörkuðum upplýsingum. Nemandi geti unnið rannsóknir sem auka þekkingu á viðfangsefnum náms- og starfsráðgjafa og bæta árangur hennar.

Hæfni í samskiptum, upplýsingalæsi og miðlun

Nemandi hafi náð föstum tökum á notkun upplýsingaveita um menntakerfi og atvinnulíf og öðrum hugbúnaði sem nýst getur við náms- og starfsráðgjöf. Nemandi er fær um að miðla og greina tölulegar upplýsingar á skýran og skilmerkilegan hátt. Nemandi geti átt frumkvæði að faglegum verkefnum borið á þeim ábyrgð og stýrt í samvinnu við eigin fagstétt eða aðra aðila. Nemandi geti greint á skýran hátt fræðilegan grunn, hugmyndafræði og viðfangsefni náms- og starfsráðgjafa fyrir fræðimönnum á sviði ráðgjafa, menntunar og atvinnulífs og almenningi. Nemandi hafi almenna þekkingu á siðfræði vísinda. Nemandi kunni skil á og hafi tileinkað siðareglur sem gilda um samskipti við ráðþega. Nemandi er fær um vinna að framgangi náms- og starfsráðgjafa í samfélaginu með hagsmuni og þarfir fólks úr ólíkum samfélagshópum að leiðarljósi. Nemandi ráði yfir góðri samskiptahæfni ásamt viðtalstækni og beiti færni sinni í vinnu með ráðþegum, samstarfsfólki og öðrum fagstéttum.

Námshæfni

Nemandi hafi tileinkað sér þá námshæfni og vinnubrögð að hann geti tekist á við frekara nám sem er að miklu leyti byggt á sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemandi hafi tileinkað sér gagnrýna hugsun, námshæfni og vinnubrögð sem nýtist honum til að efla sig faglega í starfi.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGS- OG MANNVÍSINDAEILD



2. Stig innleiðinga hæfniviðmiða í námskeið og endurskoðun námsins

- Átak við HÍ fyrir gerð kennsluskrár 2009-10 að skilgreina hæfniviðmið fyrir námskeið
- Endurskoðun náms í námsbraut stendur yfir
 - Ekki var ráðist í gerð hæfniviðmiða fyrir námskeið í eldri námsskipan sem var að falla úr gildi

2. stig innleiðingar – 5 skref (Guðrún Geirsdóttir, 2009)

1. Skoða hæfniviðmið námsleiðar
- 2. Hvaða hæfni á nemandi að tileinka sér (á námskeiði)**
3. Skrifa hæfniviðmið námskeiðs
4. Hvaða tækifæri fá nemendur til að tileinka sér hæfnina
5. Meta hvort að nemandur hafi náð tökum á ákveðinni hæfni





Endurskoðun náms:

Hvaða hæfni þarf nemandi að tileinka sér sem náms- og starfsráðgjafi

- Hvernig vitum við það?
 - Þörf fyrir þjónustu og þróun starfsins alþjóðlega og í íslensku samfélagi sérstaklega (LLL, evrópusamþykktir, stefna stjórnvalda, lög, samningar, úttektir og rannsóknir).
 - **Erlend viðmið um þekkingu og færni náms- og starfsráðgjafa (standards, competencies)**
 - Erlendar fyrirmyndir að námi í faginu (N-Ameríka, Evrópa, Norðurlönd; Finland með MA nám í faginu)





Viðmið um þekkingu og færni náms- og starfsráðgjafa

Þróuð af fagfélögum í náms- og starfsráðgjöf

Til greina kom að nota eftirfarandi viðmið

- Alþjóðasamtök náms og starfsráðgjafa IAVEG
- American Counseling Association CACREP
- European Center for development of vocational training CEDEFOP

Hvaða viðmið gagnast best?

- Námið byggt á bandarísku leiðinni í upphafi
- Hvaða þekkingu og færni þarf til að veita þjónustuna í íslensku samhengi, hver er þörfin
- Hvaða útfærsla var ítarlegust/gagnlegust
- Samanburður á ólíkum viðmiðum, hvað er sameiginlegur kjarni eða aðalatriði





Viðmið yfirlit og samanburður

CACREP

Kjarni ráðgjafargreina

Fagvitund og siðareglur
Félagslegur og menningalegur marbreytileiki
Þróun og þroski mannsins
Starfsþróun-ferill
Samband ráðgjafa og ráðþega
Hópráðgjöf
Sálfræðilegt mat
Rannsóknir, þróun, mat á árangri

Aðalviðmið fyrir NogS

Grunnur greinar
Ráðgjöf forvarnir inn grip
Margbreytileiki og málsvári
Sálfræðilegt mat
Rannsóknir og mat á árangri
Skipulag og framkvæmd þjónustu
Upplýsingar og tækni

IAVEG

Core competencies

Ethical and professional beh.
Advocacy and leadership
Awareness of cultural differences
Awareness of own limitations
Ability to design services
Familiarity with information about education and occupations
Communicate effectively with colleagues

Specialized competencies

Assessment
Educational guidance
Career development
Counselling
Information management
Consultation and coordination
Research and evaluation
Programs and service management
Community capacity building
Placement





Greining á gildandi námi í ljósi færniviðmiða fagfélaga

- Ákveðið var að nota CACREP viðmiðin og bæta við nokkrum viðmiðum úr skyldum undirgreinum ráðgjafar (school counseling og mental health counseling)
 - Allir kennarar fengnir til að meta hversu vel námskeið sem þeir kenna mæta öllum viðmiðunum
 - Handleiðarar á ólíkum vettvangi fengnir til að meta hversu vel vettvangsnám mætir öllum viðmiðum
 - Nemendur að ljúka meistaragraðu fengnir til að meta hvaða þekkingu og hæfni þeir hefðu náð tökum á (ofmat?)





Dæmi um samantekt á greiningu náms m.t.t. viðmiða fagfélags

Viðmið-Náms og starfsráðgjöf	Samantekt		
Aðalviðmið			
	Ná að mestu leyti	ná að hluta	ná að litlum hluta
Grunnur greinar			
Þekking- nemandi skilur..			
..sögu, heimspekilegar forsendur og þróun náms- og starfsráðgjafar	0,1	0,2	0,3
..hvar og við hvað náms- og starfsráðgjafar starfa	0,4	0,1	0,1
..stefnu stjórnvalda, lög og reglugerðir um náms- og starfsráðgjöf	0,2	0,2	0,1
..siðferðileg álitamál sem snerta störf náms- og starfsráðgjafa	0,1	0,4	0,3
..viðmið fyrir starfshætti stofnana og fagmanna á sviði náms og starfsráðgjafar	0	0,2	0,2
Færni/hagnýting- nemandinn getur			
..útskýrt hvernig starfsþróun/ferill er hluti af þróun/proska einstaklingsins	0,3	0,1	0,1
..starfað í samræmi við siðareglur og viðmið stéttarinnar	0,1	0,1	0,6





Niðurstöður greiningar

- Sýndu hvaða þekkingu og færni var ekki sinnt, lítið sinnt eða tæpt á í mörgum námskeiðum og hverju ofaukið í ljósi þjónustuparfar hérlandis
- Nýttist við samhæfingu og þróun námskeiða í nýrri námsskipan (3. stig innleiðingar)
 - Gátum búið til ný námskeið og týnt hæfnipættina inn í þau með kerfisbundnum hætti (sjá dæmi 1 og 2)
- Skrifa hæfniviðmið fyrir ný námskeið (skref 3 í 2 stigi)





Dæmi 1: Samhæfing og þróun námskeiða m.t.t. viðmiða

Viðmið-Náms og starfsráðgjöf		Samantekt		
Aðalviðmið				
Grunnur greinar		Ná að mestu leyti	ná að hluta	ná að litlum hluta
Þekking- nemandi skilur..				
..sögu, heimspekilegar forsendur og þróun náms- og starfsráðgjafa		KR(is) KSP(al)		STÞ1,2
..hvar og við hvað náms- og starfsráðgjafa starfa		STÞ1,2		
..stefnu stjórnvalda, lög og reglugerðir um náms- og starfsráðgjöf		STÞ1,2	KR	Kenninganámskeið stórir ramminn
..siðferðileg álitamál sem snerta störf náms- og starfsráðgjafa		STÞ1,2	NM	
..viðmið fyrir starfshætti stofnana og fagmanna á sviði náms og starfsráðgjafa		STÞ1,2		
Færni/hagnýting- nemandinn getur				
..útskýrt hvernig starfsþróun/ferill er hluti af þróun/proska einstaklingsins		KSP		
..starfað í samræmi við siðareglur og viðmið stéttarinnar		ST1,2		





Dæmi 2: Samhæfing og þróun námskeiða m.t.t. viðmiða

Viðmið-kjarni ráðgjafagreina		10 námskeið-47 ein (Starfsþjálfun aðeins mat NHÍ (vantar Starfsráðgjöf 3 ein, valfög og aðferðafræði				
Nemendur sýna þekkingu á og skilja...		Samantekt				
Fagvitund og siðareglur		Ná að mestu leyti	ná að hluta	ná að litlum hluta		
..sögu, heimspekilegar forsendur náms- og starfsráðgjafa		KR(is) KSP(al)		STP1,2		
..hlutverk fagstéttar og tengsl við aðrar fagstéttir		KR(is)	STP1,2	I		
..handleiðslulíkön og aðferðir				STP, 2	eru ekki að handleiða aðra	
..fagfélag stéttarinnar og hlutverk þess		STP 1	0			
..umræðu um lögverndun, gæðaviðmið og staðla stéttarinnar ásamt stefnu stjórnvalda			KR	STP, 1,2; I	vantar í okkar starfsumhverfi	
..hlutverk og aðferðir náms- og starfsráðgjaf við framgang fagsins		KR	I	STP		
..aðferðir og leiðir til fækka félagslegum/stofnanalegum hindrunum og jafn rétt ráðþega					er í öllum námskeiðum, fjölmenning, context	þurfum að samhæfa/utfæra
..siðareglur Félags náms og starfsráðgjafa og IAVEG		STP 1				





Gerð kennsluáætlana og þróun kennsluhátta

- Kennsluáætlanir, staðlaðar og samhæfðar
 - Hæfniviðmið námskeiða í kennsluskrá og kennsluáætlunum námskeiða
 - Hvaða tækifæri fá nemendur til að tileinka sér hæfninadagskrá námskeiðs lesefni ofl. (skref 4, innleiðing stig 2)
 - Verkefni og námsmat, hvernig á að meta hvort að nemandur hafi náð tökum á ákveðinni hæfni (skref 5 innleiðing stig 2)
- Kennsla hefst skv. nýrri námsskipan haustið 2010
 - Hugað að samræmi kennsluhátta, hæfniviðmiða og námsmati (alignment) með virkni nemenda að leiðarljósi





Hvað höfum við lært af innleiðingu hæfniviðmiða

Kostir

Gagnsæi/sýnileiki f. alla hagsmunaðila, auðveldar umræðu um námið

Á vel við í starfstengdu námi-viðmið fagfélaga, hvað með annað nám?

Auðveldar og ýtir undir samhæfingu og samskipti milli námskeiða/ kennara, innan HÍ, Evrópu/alþjóðlega

Grunnur að betra samræmi (alignment) milli viðmiða, kennslu/námshátta og námsmats

Námskeið ekki lengur grunneining heldur hæfniviðmið námsins – meiri sveigjanleiki, auðveldar breytingar og skipulag

Gallar

Smættun á flóknu námsferli- tapast e-ð?

Tímafrekt – startvinna stjórnunarskylda 6%!

Óvissa í mati á því hvaða erlendu hæfniviðmið eiga við hér

Innlend hæfniviðmið fagfélaga vantar

Samræmi og samhæfing hæfniviðmiða við íslensk fagfélög og atvinnulíf óljóst

Er hægt að innleiða hæfniviðmið án heildar-endurskoðunar námsleiðar?





Framtíðin – lausir endar og áframhaldandi þróun náms og kennsluhátt

- Endurskoðun viðmiða fyrir námsleið í heild frá 2007 eða aðlögun er enn eftir
 - Viðurkenning ráðuneytis – óljóst ferli?
 - Endurskoða í ljósi reynslunnar af nýja náminu?
- Áframhaldandi innleiðing viðmiða og þróun náms - Viðtækt samráð 42 háskóla í Evrópu; Erasmus-NICE verkefni
 - **Inntak náms, hæfniviðmið (framework or core common competencies)**
 - **Kennsluhættir, nám nemenda og námsmat**
 - Aðferðir við ráðgjöf
- Ytri gæðaúttekt ráðuneytis og viðurkenning náms (accreditation) hjá alþjóðlegu fagfélagi – óljós farvegur í faginu





Takk fyrir !



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGS- OG MANNVÍSINDAÐEILD